

Héraðsfundur
Suðurprófastsdæmis
13. mars 2010
haldinn í Árhúsum á Hellu

Laugardaginn 13. mars 2010 var fyrsti héraðsfundur hins nýja Suðurprófastsdæmis haldinn í Árhúsum á Hellu og hófst kl.11.00.

Prófastur sr. Halldóra J. Þorvarðardóttir setti fundinn og leiddi helgistund í upphaf hans. Hún lagði út af orðunum í Mark. 4. 30-32 um mustarðskornið og Guðs ríki og sagði m.a. að boðskapur frelsara okkar Jesú Krists kallaði okkur til góðra verka, til að boða von og trú og vitna um kærleika hans sem er ofar öllu og á erindi til allra manna á öllum tímum. Héraðsfundur sem þessi, þegar kirkjufólk á Suðurlandi kæmi saman, væri vettvangur til að skerpa þá sýn, svo við gætum enn betur sinnt þjónustu okkar og starfi úti á akri Drottins.

Að helgistund lokinni bauð prófastur fundargesti velkomna, - Árnesinga, Rangæinga, Skautfellinga og Vestmanneyinga og bað sr. Axel Árnason Njarðvík að vera fundarritara. Reis hver og einn fundarmaður úr sætum og sagði til nafns og fulltrúi hvernar sóknar hann væri.

Prófastur sagði að lokinni kynningu, að eflaust hefði engum fundarmanna óraði fyrir því að málum yrði skipað á þann veg sem nú væri, - að við ættum eftir að sitja saman hér í nýju Suðurprófastsdæmi. Hún hvatti alla til að líta jákvætt á þessar breytingar og sem kærkomið tækifæri er yrði til góðs. Það þurfa allir, sagði hún, að fá tíma til að kveðja og þakka fyrir og ganga frá því sem var og hefjast síðan handa á nýjan leik. Og það yrði gert á þessum fundi.

Dagskrá fundarins var þessi:

1. Yfirlitsskýrslur prófasta
2. Skýrslur sókna

3. Skýrsla kirkjuþingsfulltrúa
4. Fasteignanefnd Þjóðkirkjunnar – kynning
5. Ársreikningar héraðssjóða
6. Kosningar
7. Önnur mál

1. Yfirlitsskýrslur prófasta

Prófastarnir þrír í hinum gömlu prófastsdæmum fluttu yfirlitsskýrslur sínar um starfið frá síðustu héraðsfundum.

Skýrsla Árnesprófastsdæmis,

Sr. Eiríkur Jóhannsson fyrrv. prófastur Árnesprófastsdæmis flutti skýrsluna.

Hann hóf orð sín á því að segja að á meðan árið 2008 verður í minnum haft vegna skjálfta, landið skalf hér á suðurlandi og fjármálakerfi landsins skalf svo hressilega að það hrundi til grunna þá má segja að 2009 hafi að vissu leyti einkennst af skjálfta innan kirkjunnar að miklu leyti sjálfsköpuðum. Sjaldan hafi jafn miklar breytingar á mannahaldi og skipulagi verið samþykktar á svo skömmum tíma.

Rekstur prófastsdæmisins sem slíks var með hefðbundnu sniði. Það sem helst bar á góma þar var eftirfarandi: Héraðsfundur var haldinn á Þingborg þann 28. mars og vísast til fundargerðar um efni hans. Þann 21. apríl var samvera presta á suðurlandi á Hellu en þar hélt séra Axel Árnason námskeið fyrir prestanna í því að umgangast heimasíðu kirkjunnar á Suðurlandi, að setja þar inn efni.

Í samræmi við yfirlýst markmið héraðsnefndar um eflingu og stuðning við sóknarnefndir þá var boðið til samveru sóknarnefnda á Gömlu Borg þann 3. september. Markmið var fyrst og fremst að skapa vettvang til aukinna kynna þeirra er vinna af förnfýsi þessi mikilvægu störf í þágu kirkjunnar. Gestur samverunnar var Ninna Sif Svavarsdóttir nýráðin æskulýðsfulltrúi Selfosskirkju en jafnframt að hluta til stuðnings við æskulýðsstörf í prófastsdæminu..

19. nóvember var námskeið haldið fyrir sóknarnefndir í safnaðarheimilinu á Selfossi um starfshætti lög og reglur þær er varða almennt kirkjustarf. Leiðbeinendur voru starfsmenn biskups stofu þau séra Halldór Reynisson og Anna Guðmunda námskeiðið sóttu um 25 manns.

Undirritaður var á haustdögum samningur milli Árnesprófastsdæmis og Heilbrigðisstofnunar Suðurlands þar sem kveðið er á um ákveðna greiðslu upp í kostnað við prestsþjónustu við stofnunina. Að jafnaði heimsókn einu sinni í viku og ein helgistund í mánuði. Málefni Selfosssafnaðar hafa verið í brennidepli allt síðastliðið ár. Í ársbyrjun var séra Óskar Hafsteinn Óskarsson settur til að þjóna í Selfosskirkju. Umboð hans var svo með reglubundnum hætti endurnýjað árið á enda.

Seinni hluta septembermánaðar barst prestum og sóknarnefndum bréf um sameiningaráform í Árnesprófastsdæmi. Lagt var til að prestaköll Mosfells og Skálholts yrðu sameinuð og prestaköll Hruna og Stóra- Núps sömuleiðis, eins að Þingvallasókn yrði lögð niður og yrði hluti Miðdalssóknar. Þess var jafnframt óskað að haldinn yrði aukahéraðsfundur um þessi mál. Var hann haldinn þann 20. október. Þremur dögum fyrir fundinn barst enn eitt bréf þar sem þess var óskað að tekin yrði fyrir öðru sinni tillaga um sameiningu Selfossprestakalls og Hraungerðisprestakalls. En héraðsfundur hafði um vorið ályktað um þá tillögu og lagt það til að í stað sameiningar yrði stefnt að auknu samstarfi presta Selfoss Hraungerðis og Eyrarbakka prestakalla. Aukahéraðsfundur samþykkti tillögu þess efnis að hann lýsti yfir skilningi á þörf til breytinga á starfsháttum og þjónustu kirkjunnar í síbreytilegu samfélagi. Hér væru hins vegar lagðar til miklar breytingar með litlum fyrirvara. Því væri þess farið á leit að framkomnum tillögum biskupafundar verði frestað um eitt ár, meðan tóm gæfist til kynningar og umræðu í héraði. Varðandi sameiningaráform Selfossprestakalls og Hraungerðisprestakalls væri vísað til samþykktar héraðsfundar Árnesprófastsdæmis frá í mars 2009. Varðandi Þingvallaprestakall og –sókn vildi fundurinn árétta sérstöðu þess sem einstakt tákni um samfylgd þjóðar og kirkju í 1000 ár og mikilvægi þess að því verði viðhaldið og það treyst í sessi.

Á kirkjuþingi voru eigi að síður allar fyrrgreindar sameiningartillögur samþykktar að undanskildum áformum um breytingar á skipan mála á Þingvöllum.

Í ljósi þess að til var orðið þetta stóra Suðurprófastsdæmi þá var sú ákvörðun tekin að leggja því strax frá upphafi héraðsprest. Var séra Axel Árnasyni Njarðvík falið það verkefni og þar með gekk frá áramótum í gildi samþykkt kirkjuþings um sameiningu Stóra-Núps og Hrunaprestakalls. Jafnframt gekk í gildi ákvörðun um sameiningu Hraungerðis og Selfoss prestakalla og sú stefna að auglýsa eftir presti til starfa við hlið sitjandi sóknarprests.

Hann gat þess að síðastliðið ár var einnig óvenjulegt að því leyti að haldið var upp á hundrað ára afmæli fjögurra kirkna prófastsdæmisins. Hrepphóla-, Stóra-Núps-, Kotstrandar- og Gaulverjabæjarkirkna. Alls staðar var þessa minnst með veglegum hætti, hátíðarmessur sungnar og boðið til samsætis með metnaðarfullum dagskráratriðum. Kirkjurnar allar í góðu ásigkomulagi og bera hver um sig fagurt vitni um umhyggju og metnað sóknarfólks fyrir hönd sinnar kirkju.

Að lokum þakkaði hann fyrir ánægjulegt samstarf við unnendur kirkju og kristni þann skamma tíma sem honum var treyst til að fara með visst forystuhlutverk í héraði.

Skýrsla Skaftafellsprófastsdæmis.

Sr. Haraldur M. Kristjánsson fyrrv. prófastur Skaftafellsprófastsdæmis flutti skýrsluna. Hann gat þess að Skaftafellingar héldu síðasta héraðsfund sinn 4. júní 2009 á Hótel Laka í Landbroti og var sá fundur fjölsóttur og góður. Á honum voru til umfjöllunar tillögur um breytingar á prestakallaskipan í prófastsdæminu líkt og verið hafði nánast undantekningalaust á síðustu 10 - 15 héraðsfundum þar á undan. Hann skar sig því ekki úr hvað það snertir og óhætt að fullyrða að Skaftafellingar hafi því allgóða reynslu af umræðum um skipan þessara mála í Þjóðkirkjunni. Líkt og ævinlega áður komust fundarmenn að einróma niðurstöðu, samþykktu tillögu og sendu hana til kirkjustjórnarinnar ásamt haldgóðum rökum fyrir því að réttast væri að halda í horfinu og hoga hvergi.

Í lok september sl. var svo send út tillaga biskupafundar um sameiningu Skaftafells- og Rangárvallaprófastsdæma ásamt með tilfærslu Vestmannaeyja úr Kjalarnesprófastsdæmi og að stofnað yrði nýtt prófastsdæmi, Suðurprófastsdæmi. Tillagan var tekin fyrir á aukahéraðsfundi á Kirkjubæjarklaustri 14. október en líkt og áður höfðu fundarmenn sameiningu á þeirri forsendu að hvergi væri gerð grein fyrir því hvernig slík sameining skyldi fara fram né heldur til hvers hún ætti að leiða.

Til að gera langa sögu stutta, þá var síðan á síðasta degi kirkjuþings, fimmtudaginn 12. nóvember sl. samþykkt að sameina öll þrjú prófastsdæmi Suðurlands í eitt og bæta við Vestmannaeyjum og fékk hið nýja prófastsdæmi nafnið Suðurprófastsdæmi. Sameiningin skyldi eiga sér stað formlega 18 dögum síðar, eða 30. nóvember 2009. Biskup ákvað síðan að prófastsdæmin gömlu héldu lífi til áramóta.

Haraldur gat þess að hann, líkt og fleiri væru hissa á því hvað þetta þurfti að ganga hratt fyrir sig og fannst sem allar ályktanir, bréf og rök þeirra Skaftafellinga um þessi málefni í hartnær áratug hafi litlu skilað. Hann heyrði líka og fann að Skaftafellingar voru ekki einir um þessar skoðanir og tilfinningar.

Hann hvatti fundarfólk til að taka þessari breytingu með jákvæðum huga og taka þátt í að móta stefnu og framtíðarverkefni hins nýja Suðurprófastsdæmis. Skipulag starfsins skiptir vissulega máli, þó mestu skiptir að við erum öll kölluð til að flytja fagnaðarerindið um Jesú Krist meðal systra og bræðra, til sjávar og sveita og til eyja á Suðurlandi og það gerum við best þegar við erum jákvæð og glöð. Hann bauð nýjan prófast Suðurprófastsdæmis, séra Halldóru J. Þorvarðardóttur í Fellsmúla velkomna til starfa og óska henni velfarnaðar og Guðs blessunar, og þakkaði Skaftafellingum öllum, leikum sem lærðum, samstarf og margháttaða samvinnu á þeim rúmu 11 árum sem hann var prófastur þar eystra.

Skýrsla Rangárvallaprófastsdæmis

Sr. Halldóra J. Þorvarðardóttir fyrrverand i prófastur Rangárvallaprófastsdæmis flutti skýrsluna. Hún sagði að í kirkjulegu starfi í prófastdæminu hafi flest farið fram með venjubundnu sniði. Sem fyrr væri það messan sem er miðja hins kirkjulega starfs í hverju prestakalli.

Barnaguðsþjónusturnar og kirkjuskólinn væru einnig ákaflega mikilvægur þáttur í kirkjustarfinu því þar er grunnur lagður meðal yngri kynslóðarinnar.

Í Rangárvallaprófastsdæmi eru 4 prestaköll með 16 sóknum og jafn mörgum sóknarkirkjum. Og að auki eru 3 guðshús, sem skilgreinast sem kapellur og/eða bænhús. Tölur segja ekki allt um kirkjulegt starf, en samtals voru í prófastsdæminu á síðasta ári guðsþjónustur og helgistundir samtals 330, –.

Hún sagði að fermingarstörfin væru þá ekki síður mikilvægur þáttur í kirkjulífinu og nauðsynlegt er að halda því fram við foreldra og forráðamenn barnanna, að fermingin er atburður sem varðar fjölskylduna alla og það að sækja messur á undirbúningstímanum yfir vetrarmánuðina er mikilvægur þáttur í trúarlífi fjölskyldu og heimilis. Hinn formlegi fermingarundirbúningur prestanna hæfist þegar hóað er til sameiginlegs fermingarbarnamóts að hausti, sem nú undanfarin ár hefur verið haldið í Vatnaskógi nú síðast 26. -27. október.

Hún gat þess að það væri orðið fast í sessi samstarf prestanna við eldri borgarafélag sýslunnar að skiptast á að fá eldri kynslóðina í messuheimsóknir yfir vetrartímann. Taka félagsmenn sig þá saman og koma í rútu til guðsþjónustu og á eftir er kaffi drukkið og reynt er að hafa „örlítið betra“ með messukaffinu. Síðan var Dagur eldri borgara, haldinn hátíðlegur að venju á uppstigningadag sem bar upp á 21. maí og hófst með guðsþjónustu í Breiðabólsstaðarkirkju og kaffisamsæti í Goðalandi á eftir.

Prófastur nefndi nýju heimasíðuna sem hefur verið opnuð fyrir prófastsdæmin þrjú hér á Suðurlandi undir veffanginu kirkjan.is/sudurland. Hún hefur ekki alveg virkað sem skyldi, en vonandi og með tímanum verður hún virkari svo hún endurspeglir allt það sem er á döfni í safnaðarstarfi hverju sinni.

Í byrjun október var haldið námskeið fyrir presta í prófastsdæmunum þremur í Skálholti. Þá var boðað til aukahéraðsfundur á Hellu þann 8. október sl. En tilefni fundarins var að kynna og veita umsögn um tillögur biskupafundar um sameiningu Rangárvalla- og Skaftafellsprófastsdæma, auk Vestmannaeyjaprestakalls, en biskupafundur mun leggja þessa breytingu til á Kirkjubíingum í haust og að hún öðlist þegar gildi 1. janúar 2010. Kirkjublaðið var gefið út á líkt og síðustu ár og prestarnir hittast reglulega yfir vetrarmánuðina, að jafnaði einu sinni í mánuði.

Héraðssjóður prófastdæmisins studdi margvísleg kirkjuleg málefni í prófastdæminu og var styrktaraðili þarflegra verkefna á vegum kirkjunnar og má þar m.a. nefna stuðning við kirkjukóra og önnur tónlistarverkefni sem fólk hér í sýslu hefur komið að og staðið fyrir. Útgjöld hérðassjóðs til líknarmála jókst töluvert sl. ár líkt og árið á undan og sem betur fer gátum við lagt lið.

Að lokum færði hún ómældar þakkir prestum, sóknarnefndarfólki, kórfélögum, organistum, meðhjálpurum, hringjurum og öllum þeim sem við kirkjuna starfa eða koma að málefnum hennar á einn eða annan hátt, fyrir störfin þeirra góðu.

Hún lauk skýrslunni með því að kveðja prófastsdæmið gamla með söknuði og þakka það sem liðið er, - allt gott og gegnheilt þau 12 ár sem hún þjónaði sem prófastur, og sagðist jafnframt líta með tilhlökkun til þess sem framundan er.

2. Skýrslur sókna

Skýrslur sókna lágu ljósritaðar frammi á fundinum ásamt ársreikningum kirkna og garða og héraðssjóðanna þriggja fyrir árið 2009.

Hörður Óli Guðmundsson, Mosfellskókn flutti skýrslu sína munnlega þar sem ekki náðist að senda hana í tækta tíð.

Eygló Jóna Gunnarsdóttir djákni í Selfoskirkju tók til máls og sagði kreppan rekur sig upp. Á síðasta ári var 31 heimili sem fékk aðstoð í gegnum kirkjuna og 52 fjölskyldur fengu aðstoð fyrir jólin. Úr „Sjóðnum góða“ í Árnessýslu fengu 104 fjölskyldur Bónuskort, 20 klippingar gefnar, rófubóndi hefur gefið rófur og Rauði krossinn gefið föt. Lionsklúbbur og Postularnir komu með jólapakka. Hugað verður að fermingarfjölskyldum þetta árið og því beint til sóknarnefndarformanna að leggja sjóðnum lið.

Hafsteinn Óskar Stefánsson, Villingaholtssókn óskaði prófasti velfarnaðar í nýju starfi og bað Guð að leiða hönd og hug þeirra sem trúnaðarstörfum gegna. Hann hefur verið fulltrúi Hjálparstarfsins sl. 2 ár og minnti á það og hvatti fólk til að sækja sér upplýsingar á hjalp.is.

Hafsteinn sagði frá síðasta fulltrúarráðsfunði og viðhorfi fólks til hjálparstarfsins. Eitt var þar nefnt sem Hjálparstarfið er að dragast með en það er gamalt mál um trúverðuleika stofnunarinnar og hjálp þeirra í 3. heiminum. Starfið í dag snýr að því að hjálpa fólki til sjálfsbjargar en fólk heldur annað. Ennþá gætir þess misskilnings að fólk heldur að einungis sé verið að senda peninga til útlanda en ekkert sinnt um innanlandsaðstoð. Innanlandsstarfið hefur samt þrefaldast á sl árum. Þúsundir sem þiggja aðstoð vítt um landið. Tengslanet Hjálparstarfsins er um allt land. Það styrkir m.a. börn til námsbókakaupa. Hann benti á geitarkaup sem gjöf fyrir fermingarbörn. Og eins er hægt að merkja framlög sín til ákveðinna verka sem Hjálparstarfið sinnir.

Baldur Kristjánsson tók til máls og vildi minna á „Sjóðinn góða“. Núna er aðeins 1,5 milljón króna í honum, en hann er til stuðnings í Árneprófastsdæmi hið forna. Sveitarfélögin hafa legið á liði sínu en aðrir eru gjöfulir. Hann bað þá sem ættu innhlaup hjá góðgerðarfélögum að huga að þessum sjóði, en hann kemur til með að styrkja fermingarfjölskyldur þetta árið. Fleiri urðu umræður ekki í tengslum við skýrslur. Þær og reikningar samþykktir athugasemdalaust.

Matarhlé gert kl. 12.05-12:50

3. Skýrsla kirkjuþingsfulltrúa

Pétur Kr. Hafsteinn forseti kirkjuþings flutti skýrsluna.

Hann gat þess að þessi héraðsfundur væri sá fyrsti, sem haldinn er í hinu nýja Suðurprófastsdæmi, sem kirkjuþing kom á laggirnar á liðnu hausti. Þrátt fyrir deilur um þá ákvörðun hljótum við öll að vona að hún muni horfa til heilla og efla og styrkja það kirkjulega starf, sem fram fer í þessu víðlenda og gróskumikla umdæmi, sagði hann og fagnaði um leið komu Ofanleitissóknar í Vestmannaeyjum inn á þennan nýja samstarfsvettvang óskaði nýskipuðum prófasti Suðurprófastsdæmis, séra Halldóru Þorvarðardóttur í Fellsmúla, allra heilla í vandasömu og þýðingarmiklu leiðtogastarfi.

Fyrir þetta kirkjuþing voru lögð 28 mál og voru þau afgreidd með tíu starfsreglum og 19 þingsályktunum. Eitt mál frá kirkjuráði var fellt við fyrri umræðu, tillaga að nýjum starfsreglum um kjör til kirkjuþings. Af því leiðir að fyrirhugaðar kirkjuþingskosningar fara nú fram í vor í annað sinn eftir þeim starfsreglum, sem samþykktar voru 2006. Undan því verður hins vegar ekki vikist að nýtt kirkjuþing gefi gaum að þessum málum á næsta kjörtímabili, bæði um atkvæðisrétt leikmanna, fjölda atkvæða að baki kirkjuþingsfulltrúum og um aðra og lýðræðislegri tilhögun og framkvæmd kirkjuþingskosninga.

Hann sagði að góður andi hafi ríkt á þessu annasama þingi en þó hafi skoðanir verið skiptar eins og gengur, einkum um 3. mál kirkjuþings um breytingar á skipan prestakalla og prófastsdæma. Afgreiðsla kirkjuþings á þessu máli olli jafnframt töluverðum deilum að þingi loknu, einkum hér á Suðurlandi. Hann taldi ekki ástæðu til að fara ofan í saumana á atburðum í tengslum við þetta mál en ljóst væri að það er ekki heppilegt að kirkjuþing geti í skyndingu tekið ákvarðanir um málefni sókna og sameiningu prestakalla og prófastsdæma án þess að á undan fari tilhlýðileg umræða heima í héraði. Hann hefur gert kirkjuráði grein fyrir þeirri skoðun sinni að hér sé breytinga þörf og samið tillögu til næsta kirkjuþings um breytingu þar að lútandi. Þær hugmyndir lúta að því að forsætisnefnd kirkjuþings geti metið hvort tillögur um breytingar á skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma, sem fram koma á kirkjuþingi, séu þess efnis að þær skuli fá frekari meðferð heima í héraði áður en þær geti komið til endanlegrar afgreiðslu. Forsætisnefndin fái með öðrum orðum vald til að fresta til næsta kirkjuþings afgreiðslu tillagna um breytingar á skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma ef hún metur það svo, að höfðu samráði við biskupafund, að þær hafi ekki fengið nægilega umfjöllun á safnaðarfundum og héraðsfundum. Með þessu móti yrði tryggt að kirkjuþing tæki ekki til afgreiðslu breytingartillögur um þessi mikilsverðu hagsmuna- og tilfinningamál safnaða og sóknarbarna án þess að þær hefðu farið um þann undirbúningsfarveg, sem starfsreglur um skipulag kirkjunnar í héraði gera ráð fyrir.

Pétur gat þess að eitt umfangsmesta mál síðasta kirkjuþings hafi verið afgreitt í mikilli einingu og eindrægni, Samykktir um innri málefni þjóðkirkjunnar, sem verið hafa til umræðu á kirkjuþingum og prestastefnum undanfarin misseri og ár. Megintilgangur þessara samþykktu er að styrkja einingu kirkjunnar og samfélag sóknarfólks, safnaða og kirkjustjórnar, innra og ytra

samhengi þjóðkirkjunnar og hinnar almennu, alþjóðlegu kirkju. Þessar samþykktir eiga að styrkja sjálfsmynd og samstöðu um meginatriði og gera grein fyrir forsendum starfshátta og hefða. Samþykktir um innri málefni þjóðkirkjunnar eru reistar á þeim sögulega arfi, sem þjóðkirkjan ber með sér, og félagslegu og sögulegu hlutverki hennar í íslensku samfélagi. Með staðfestingu þessara samþykktu hefur kirkjuþing stigið mikilvægt skref til að axla þá ábyrgð að fara með æðsta vald í innri málefnum þjóðkirkjunnar - vald sem áður var formlega á hendi veraldlegra yfirvalda.

Pétur gat þess að Kirkjuþing 2009 samþykkti starfsreglur um kirkjuþing unga fólksins. Það væri vissulega fagnaðarefni að ungt, hæfileikaríkt og leitandi fólk innan kirkjunnar skuli fá þennan vettvang til að kryfja málin og vinna hugðarefnum sínum á sviði trúarinnar brautargengi.

Á síðasta kirkjuþingi voru samþykktar nýjar og að mörgu leyti breyttar starfsreglur um þingsköp kirkjuþings, meðal annars um nýja og breytta tilhögun við undirbúning og kynningu þingmála fyrir kirkjuþing. Það hefur oft verið rætt, ekki síst á vettvangi héraðsfunda, hversu litla og ómarkvissa kynningu fyrirhuguð þingmál fengju hjá grasrót kirkjunnar, safnaðarfólkinu sjálfu, enda eru héraðsfundir haldnir fyrri hluta árs og fæst þingmál hafa verið tilbúin til umræðu á þeim tíma. Samkvæmt hinum nýju þingsköpum skulu flest þingmál kynnt á sérstökum þingmálafundi í einhverju kjördæmi áður en þau eru send forseta kirkjuþings. Kirkjuþingsmenn kjördæmisins eiga að boða til þessara þingmálafunda þannig að hér verður ekki um aukahéraðsfundi að ræða. Vonast hann til að þessar starfsreglur leiði til vandaðri málsmeðferðar og meiri þátttöku þeirra, sem kjósa sér fulltrúa til setu á kirkjuþingi.

Mörg önnur mál voru rædd og afgreidd eins og lesa má um í Gerðum kirkjuþings 2009 og vildi nefna þau miklu umskipti og vandkvæði í fjármálum, sem þjóðkirkjan þarf að horfast í augu við eins og raunar þjóðfélagið allt – og hvergi nærri sér fyrir endann á. Þjóðkirkjan hefur fallist á að leggja sitt af mörkum vegna þess uppnáms í fjármálum ríkisins, sem varð við hrun fjármálakerfisins í lok ársins 2008. Á grundvelli þess gerði ríkisvaldið svonefnda hagræðingarkröfu til þjóðkirkjunnar á árinu 2010 upp á 160 milljónir króna að frátöldum launa- og verðlagshækkunum, sem numið höfðu 37 milljónum króna. Þá var jafnframt gerð hagræðingarkrafa gagnvart Kristnisjóði um 9 milljónir króna umfram þá lækkun, sem lágmarkslaun 15 prestsembætta hefur tekið. Frá þessu var gengið með sérstöku samkomulagi milli ríkisins og þjóðkirkjunnar, sem kirkjuþing staðfesti. Í framhaldi þessa féllst kirkjuþing á að dómsmálaráðherra legði fyrir Alþingi frumvarp til breytinga á þjóðkirkjulögum þar sem hin lögbundna skuldbinding ríkisins gagnvart þjóðkirkjunni væri skert tímabundið um þessar fjárhæðir. Þótt þessi tímabundna skerðing á umsömdum fjárframlögum sé þjóðkirkjunni að sjálfsögðu erfið skiptir þó afar miklu máli að hún skyldi ekki gerð einhliða af hálfu ríkisstjórnar og Alþingis heldur með formlegum samningi, sem felur í sér viðurkenningu á ótvíræðri réttarstöðu kirkjunnar gagnvart ríkisvaldinu. Sú réttarstaða grundvallast á aldagömlum eignarrétti kirkjunnar á þeim kirkjujörðum og kirkjueignum, sem ríkissjóði voru endanlega fengnar í hendur með kirkjujarðasamkomulaginu 1997. Þar voru þessar fornu eignir kirkjunnar lýstar eign íslenska ríkisins en á móti skyldi ríkið í framtíðinni standa skil á launum tiltekins fjölda kirkjunnar manna. Þetta samkomulag fól í sér fullnaðaruppgjör milli þjóðkirkjunnar og ríkisins vegna þeirra verðmæta, sem ríkissjóður hafði tekið við í upphafi síðustu aldar eða árið 1907. Efnisatriði kirkjujarðasamkomulagsins voru síðan lögfest í þjóðkirkjulögnum og þau marka réttarstöðu kirkjunnar gagnvart ríkisvaldinu hvort sem skilið verður endanlega milli ríkis og kirkju eða ekki. Fullur aðskilnaður þýðir með öðrum orðum ekki að ríkið losni undan hinum fjárhagslegu skuldbindingum sínum gagnvart þjóðkirkjunni. Hann sagði það mikilvægt að menn geri sér fulla grein fyrir þessu í því umróti, sem nú gengur yfir og að það verði sótt að þjóðkirkjunni í vaxandi mæli á komandi tíð. Við því verði að bregðast af festu og ábyrgð, bæði af hálfu kirkjuráðs og kirkjuþings og einnig og ekki síður þeirra, sem bera uppi hið rúmhelga starf í kirkjum landsins.

Sr. Halldór Gunnarsson kirkjuráðsmaður tók til máls og óskaði fundarfólki til hamingju með þetta glæsilega prófastsdæmi. Hann bað fólk að horfa til þess starfs sem bíður og taka mið af því sem var. Sagðist hann leyfa sér að tala öðru vísi en áður þar sem þetta er hans síðasti héraðsfundur og hans síðasta ár í prestsstarfi. Sagði hann Pétur hafa gert kirkjuþingi góð skil og engu þar við að bæta. Hann vildi þó geta þess að persónulega hefði hann aldrei lifað erfiðara kirkjuþing. Hann sagði það hafa staði frammi fyrir 160 milljón króna sparnaði fyrst og fremst á

Biskupsstofu. Kirkjuráð varð að leggja fram sparnaðarliði hver liður 10 milljónir, einn þátturinn var að fækka prófastsdæmum og próföstum. En þegar við erum að takast á við breytingar eins og þessar, sagði hann, þá stöndum við frammi fyrir ábyrgð okkar á kirkjuþingi, þ.e. að hafa æðsta vald í málefnum Þjóðkirkjunnar. Framundan liggja fyrir kirkjuþingi mjög mikilvæg mál. Þurfum því að kalla fram til forystu okkar bestu menn.

Að lokum hvatti hann fundarfólk til að nota þetta tækifæri til þess til að byggja upp sterkt Suðurprófastsdæmi með miklu starfi og miklum væntingum til kirkjunnar okkar.

4. Fasteignanefnd Þjóðkirkjunnar – kynning

Helga Halldórsdóttir kirkjuþingsfulltrúi kynnti fasteignanefnd þjóðkirkjunnar. Í máli hennar kom fram að eignir hafa runnið undan kirkjunni og víða eru þinglýsingar kirkjulegra eigna í ólestri. Hún hvatti til þess að gengið yrði í að ráða bragarbót á þessum efnum. Gat hún þess að frá 1. janúar 2010 giltu nýjar reglur um stjórnkerfi vegna fasteigna Þjóðkirkjunnar. Fór hún yfir stöðuna innan Þjóðkirkjunnar og lagði áherslu á að tryggja að réttindi töpuðust ekki. Anna Guðmunda Ingvarsdóttir, lögfræðingur á Biskupstofu er til aðstoðar við þetta verkefni og eins byggingarfulltrúar heima í héruðum. Þinglýsingar eru á forræði sóknanna sjálfra. Fyllri upplýsingar eru á slóðinni kirkjan.is/stjornsysla/thinglysingar-kirkna.

Helga ítrekaði hvatningu sína um að láta þessi mál ekki dragast og varpaði því fram að þessari vinnu yrði lokið fyrir næsta héraðsfund.

5. Ársreikningar héraðssjóða

Ársreikningar héraðssjóða voru bornir upp og þeir samþykktir samhljóða.

6. Kosningar

Héraðsnefnd Suðurprófastsdæmis, kosning aðalmanna og varamanna, annarra en formanns, til tveggja ára í senn:

Sr. Halldóra J. Þorvarðardóttir prófastur Fellsmúla, sjálfskipuð

Sr. Eiríkur Jóhannsson Hruna

Magnús Kristinsson Búhamri 11, 900 Vestmannaeyjum

Varamenn í héraðsnefnd:

Sr. Haraldur M Kristjánsson Ránarbraut 7, 870 Vík

Margrét Jónsdóttir Syðri-Velli 1, 801 Selfossi

Fulltrúarráð Hjálparstarfs kirkjunnar kosning aðalmanns til tveggja ára í senn:

Aðalmaður: Hafsteinn Stefánsson, Túni 2, 801 Villingaholtssókn

Varamaður: Örn Arnarson, Hólabraut 3, 780 Hafnarsókn

Fulltrúar á leikmannastefnu kosning þriggja fulltrúa og varamanna þeirra á leikmannastefnu til fjögurra ára í senn, sbr. starfsreglur um leikmannastefnu:

Aðalmenn:

Þórunn Ragnarsdóttir, Reiðholti, 851 Rangárþingi ytra

Guðný Guðnadóttir, Ránarbraut 13, 870 Vík

Garðar Hannesson, Heiðarbrún 31, 810 Hveragerði

Varamenn:

Gunnlaugur Þröstur Höskuldsson, Miðtúni 16, 780 Höfn

Sigríður Kristjánsdóttir, Brimhólabraut 19, 900 Vestmannaeyjum

Ellen Huldís Ólafsdóttir, Reykjabraut 11, 815 Þorlákshöfn

Endurskoðendur héraðssjóðs til tveggja ára:

Kristófer Arnfjörð Tómasson, Miðengi 8, 800 Selfossi

Magðalena Karlotta Jónsdóttir, Drangshlíðardal, 861 Rangárþingi eystra

Endurskoðandi til vara:

Böðvar Pálsson, Búrfelli 3, 801 Selfoss

7. Önnur mál

Prófastur bar fram mál frá Kirkjubæjarkotum sýslu sem beindi því til kirkjuráðs að fara þess á leit við héraðssjóði að þeir lækki framlag sókna til sjóðanna um eitt til tvö prófsentustig þar sem tók eru á. Halldóra taldi æskilegt að halda framlaginu til héraðssjóðs óbreyttu eða 5%, sérstaklega í ljósi nýrrar sameiningar á Suðurlandi og að öllum líkindum aukins kostnaðar í upphafi þeirrar sameiningar. Var 5% óbreytt framlag samþykkt samhljóða.

Ómar Halldórsson frá Stórolfshvolfssókn tók til máls til að kynna kirkjubyggingaráform á Hvolsvelli.

Ingi Sigurðursson, Vestmanneyjum tók til máls og skýrði hug Vestmannaeyinga til sameiningarinnar. Í Eyjum þóttu þær tillögur um sameiningu Skaftafells- og Rangárvallaprófsdæma of veikar og var talið að ef Árnesprófastsdæmi kæmi með, þá væri það farsælast og fögnuðu þeir því að Kirkjubæjarkotum skyldi taka þá ákvörðun. Hins vegar báru þeir ákveðinn ugg í brjósti vegna þess hraða sem raun varð á við sameininguna og hefði þurft að gefa mönnum meira andrými. Hann lagði áherslu á nauðsyn þess að byggja nýja prófastsdæmið vel úr garði fyrst svona er komið og tjáði hann Vestmannaeyinga mæta heils hugar til leiks og hlakka til samstarfsins, enda að tengjast þessu landsvæði sterkara með tilkomu ferjusiglinga í Bakkafjöru og koma með góða reynslu í farteskinu frá Kjalarnesprófastsdæmi.

Magnús Kristinsson Kirkjubæjarkotum kvaddi sér hljóðs og óskaði fundarfólki til hamingju með þetta víðfema prófastsdæmi. Hann ræddi sýn sína á fjármálum kirkjunnar og sagði það áhyggjuefni hvað áherslan væri einhliða til þarfa kirknanna á höfuðborgarsvæðinu á kostnað dreifbýlisins.

Hafsteinn Stefánsson, Villingaholtssókn tók til máls og kvað ánægjulegt að heyra hve Vestmanneyingar koma jákvæðir til leiks.

Bergdís Jóhannsdóttir, Grafarsókn þakkaði sr. Haraldi Kristjánssyni fyrir afar gott samstarf og prófstörf.

Sr. Baldur Kristjánsson þakkaði sr. Eiríki Jóhannssyni fyrir prófstörf hans. Hann hafi áunnið sér traust presta og sóknarnefnda þó hann hafi verið stuttan tíma í embætti.

Prófastur þakkaði þeim sr. Haraldi Kristjánssyni og sr. Eiríki Jóhannssyni samstarfið á vegum prófastsdæmanna og bað fundarmenn að rísa úr sætum og hylla þá félagi. Var það gert ásamt góðu lófataki.

8. Fundarslit

Prófastur þakkaði fundarsetuna og þann einhug sem var lýsandi í máli manna á fundinum og bað Guð að leiða fundarfólk í störfum þess kirkjunnar til heilla. Að lokum sameinaðist fundarfólk í sálmasöng „Son Guðs ertu með sanni“.

Axel Árnason Njarðvík, fundarritari

Fundarfólk:

Jóna Steinunn Sveinsdóttir

Þórunn Ragnarsdóttir

Katrín Birna Viðarsdóttir

Sigmar Sigurðsson

Guðlaugur Sigurður Einarsson

Óskar Magnússon

Margrét Baldursdóttir

Svanhildur I Hauksdóttir

Guðmundur I Guðjónsson

Árbæjarsókn

Árbæjarsókn

Ásólfskálásókn

Ásólfskálásókn

Ásólfskálásókn

Breiðabólstaðarsókn

Bræðratungusókn

Eyrarbyggisókn

Eyrarbyggisókn

Guðný Jónína Valberg	Eyvindarhólasókn
Már Ólafsson	Gaulverjabæjarsókn
Margrét Jónsdóttir	Gaulverjabæjarsókn
Bergdís Jóhannsdóttir	Grafarsókn
Elísabet Fídes Pálsdóttir	Grafarsókn
Þórdís Ingólfssdóttir	Hagasókn
Einar Hafsteinsson	Hábæjarsókn
Bjarnveig Jónsdóttir	Hábæjarsókn
Sigurður Hermannsson	Hjallasókn
Ellen Huldís Ólafsdóttir	Hjallasókn
Hans Guðni Magnússon	Hlíðarendasókn
Auður Ágústsdóttir	Hlíðarendasókn
Halldór Gunnarsson	Holtsprestkall
Magnús H Sigurðsson	Hrepphólasókn
Arnfríður Jóhannsdóttir	Hrepphólasókn
Eiríkur Jóhannsson	Hrunaprestakall
Marta Esther Hjaltadóttir	Hrunasókn
Anna Björk Matthíasdóttir	Hrunasókn
Jón Ragnarsson	Hveragerðisprestakall
Drífa Hjartadóttir	Keldnasókn
Ingólfur Hartvigsson	Kirkjubæjarklaustursprestakall
Pétur Kristján Hafstein	Kirkjuþing
Guðmundur Bjarnason Baldursson	Kotstrandarsókn
Haraldur Konráðsson	Krosssókn
Guðni Ragnarsson	Krosssókn
Guðbjörg Albertsdóttir	Krosssókn
Jón Hilmar Ólafsson	Laugardælasókn
Rósa Haraldsdóttir	Laugardælasókn
Elínborg H Sigurðardóttir	Laugardælasókn
Vilborg Gísladóttir	Marteinstungusókn
Margrét S Lárusdóttir	Miðdalasókn
Rúnar Þór Egilsson	Mosfellsprestakall
Hörður Óli Guðmundsson	Mosfellssókn
Íris Björk Sigurðardóttir	Oddasókn
Guðbjörg M Matthíasdóttir	Ofanleitissókn
Magnús Kristinsson	Ofanleitissókn/Kirkjuþing
Sigurfinnur Sigurfinnsson	Ofanleitissókn
Guðrún Rannveig Jóhannsdóttir	Ofanleitissókn
Ingi Sigurðsson	Ofanleitissókn
Guðjón Vigfússon	Ólafsvallsókn
Ragnheiður Hlín Símonardóttir	Prestsbakkasókn
Jón Helgason	Prestsbakkasókn
Kristinn Ágúst Friðfinnsson	Selfossprestakall
María Kjartansdóttir	Selfossókn
Óskar Hafsteinn Óskarsson	Selfossókn
Eygló Jóna Gunnarsdóttir	Selfossókn
Eysteinn Óskar Jónasson	Selfossókn
Elínborg Sváfnisdóttir	Skarðssókn
Egill Hallgrímsson	Skálholtsprestakall
Matthildur Róbertsdóttir	Skálholtssókn
Erna Ólafsdóttir	Skeiðflatarsókn
Birgir Thomsen	Sólheimum
Haraldur Júlíusson	Stórólshvolssókn

Ómar Halldórsson	Stórólshvolssókn
Baldur Ólafsson	Stórólshvolssókn
Axel Árnason Njarðvík	Suðurprófastsdæmi
Halldóra J Þorvarðardóttir	Suðurprófastsdæmi
Kristján Björnsson	Vestmanneyjaprestakall
Guðmundur Örn Jónsson	Vestmanneyjaprestakall
Anna Fía Schiöth Ólafsdóttir	Villingaholtssókn
Sólveig Þórðardóttir	Villingaholtssókn
Haraldur M Kristjánsson	Víkurprestakall
Helga Halldórsdóttir	Víkursókn
Kristján Valur Ingólfsson	Þingvallaprestkal
Sveinbjörn Jóhannesson	Þingvallasókn
Baldur Kristjánsson	Þorlákshafnarprestakall
Kristbjörg Hilmarsdóttir	Þykkvabæjarklausturssókn